

Til bæjarráðs

Efni: Tillaga um könnun og greiningu á störfum og starfsumhverfi bæjarfulltrúa.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að láta fara fram könnun og greiningu á störfum og starfsumhverfi bæjarfulltrúa.

Greinargerð.

Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar sem haldinn var 17. nóvember sl. var samþykkt að hækka ekki laun bæjarfulltrúa sem tengjast þingafarkaupi en nýgenginn var þá úrskurður kjarráðs um 44% hækkun þingfaraþess.

Á fundi bæjarstjórnar sem haldinn var 2. mars sl. var samþykkt að hækka laun bæjarfulltrúa um 8.9 % og er þá lagt til grundvallar að laun bæjarfulltrúa hækki um 32% á tímabilinu 2013 til ársloka 2018 í samræmi við samkomulag aðila á vinnumarkaði sem nefnt er SALEK-samkomulagið.

Með samþykkt bæjarstjórnar var horfið frá því að tengja laun bæjarfulltrúa við þingfaraþess eins og gert hefur verið um áraraðir en þess í stað verða þau tengd við launavísitölu og miðað við grunnvísitölu í nóvember 2016. Laun bæjarfulltrúa munu taka breytingum í janúar og júlí ár hvert en í fyrsta sinn janúar 2019.

Rétt þykir við þessi tímamót að gera greiningu og könnun á störfum og starfsumhverfi bæjarfulltrúa. Í slíkri könnun skal m.a. fara fram mat á fjölda tíma sem bæjarfulltrúar leggja fram við störf sín, álagi og tímasetningu vinnuframlags t.d. vegna funda.